

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesvegur 5 ehf. Ásmundarnes, Bjarnarfjörður



Dags eftirlits	13.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Nesvegur 5 ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hellnafelli 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	510416-0230	Flokkur	
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Víðir Björnsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða áreksravörn við olúgeymi og urðun dauðfisks. Þrjár ábendingar komu fram, ein sem varðar losun og frágang við útrás frárennslis, önnur hvað varðar þró með olúgildru við olúgeymi og þriðja varðar þjálfun starfsfólks.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða landeldi á laxfiskum, Nesvegur 5 ehf., Ásmundarnesi í Bjarnarfirði, með leyfi fyrir 45 tonna ársframleiðslu og lífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 45 tonn.

Boðuð dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá - kynning
- Annað

Farið var yfir starfsleyfið sem gefið var út þann 3. apríl sl. Þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar með starfsleyfi hjá Nesvegi 5 ehf. Rekstraraðili hefur starfað með tímabundna undanþágu frá desember 2022. Minnt var á skiladaga skv. því sem fram kemur í kafla 4.5 um umhverfisupplýsingar í starfsleyfi.

Umfang starfseminnar þegar eftirlit fór fram var 4 tonn af fiski í tveimur kerjum og 400.000 seiði á pokastigi í eldishúsi.

Einnig var farið yfir nýtt starfsleyfi og þær skyldur sem í því felast, s.s. kafla 4.1 um skráningar, þar segir að rekstraraðili skuli hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið og að skrá skuli atriði talin upp í kaflanum og að þær skuli aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er.

Enn er verið að byggja upp stöðina og var verið að vinna við kerin úti. Aðstaða í eldisskemmu var snyrtileg og vatnið í kerjum tært.

Rekstraraðili var minntur á að skv. starfsleyfi ber að láta mæla magn heildarfosfats og kolefnis tvisvar á ári, við hámarksfóðrun og lágmarksfóðrun. Þar sem starfsemin er nýlega hafin, var ekki búið að láta gera mælingu en niðurstöður mælingar verða sendar Umhverfisstofnun.

Engin efni, lyf eða spilliefni verða geymd á staðnum fyrr en búið er að ganga frá efnageymslu. Komið er sérstaklega með lyf og önnur efni þegar þau eru notuð. Ekki verður þörf fyrir formalín þar sem setja á upp tæki til að geisla vatnið með UV geislum.

Fóður er geymt eins og er í eldishúsi en verið er að útbúa gám til að geyma fóður í framtíðinni. Fóðrað er með hálfsjálfvirkum fóðrunarbúnaði. Vatn í kerjum var tært og ekki að sjá að það væri nein offóðrun.

Í úrgangsaætlun kemur fram að dauðfisk eigi að flytja á Ísafjörð þar sem hann fer í meltu. Flokkaður úrgangur er fluttur til Hólmarvíkur. Bónði á Odda í Bjarnarfirði kemur til með að nota seyrur sem kemur frá starfseminni sem áburð. Rekstraraðila var bent á að halda utan um kvittanir fyrir seyrur og hafa aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila í næsta eftirliti.

Svæðið er tiltölulega snyrtileg miðað við að framkvæmdir eru í gangi. Ekki hafa borðist neinar kvartanir vegna starfsseminnar.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 3.10 í starfsleyfi.

Í gr. 3.10 kemur fram að ef endurnotkunar- og endurnýtingamöguleikar eru ekki fyrir hendi skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Það kom fram í eftirliti að tvær tunnur af dauðfiski hafi verið urðaður á svæðinu.

gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi.

Skv. 41. gr. í reglugerðinni þurfa mengunar-, áreksturs-, eld – og slysavarnir vera tryggðar. Engin árekstrarvörn er við olíugeymi á svæðinu. Búið er að setja árekstrarvörn, frávikinu er því lokið.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram þar sem fóður útfelling sást í frárennsli í settjörn en samkvæmt starfsleyfi á rekstraraðili að sjá til þess að ekki sjáist útfelling við frárennsli. Nauðsynlegt er að kom trommlusíu fyrir sem fyrst til að koma í veg fyrir uppsöfnunfóður útfellingar. Samkvæmt rekstraraðila á trommulsían verður komin í notkun fyrir lok sumars.

Ábending er sett fram er varðar að nauðsynlegt er að vera með olíugeymi í þró með olúgildru ef geymirinn er ekki með tvöföldu byrði.

Ábending er sett fram er varðar þjálfun starfsfólks en rekstraraðila ber að vera með áætlun um þjálfun sem þarf að vera tiltæk þegar farið verður í að ráða fleira starfsfólk.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.07.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

